

## Verklagsregla um viðbrögð eftir að andmælandi, annar eða báðir, hafnar handriti doktorsritgerðar til doktorsvarnar

### 1. Tilgangur og gildissvið

Tilgangur verklagsreglunnar er að tryggja að til staðar sé verklag eftir að skipaður andmælandi, annar eða báðir, við doktorsvörn hafnar handriti til doktorsvarnar. Verklagsreglan gildir fyrir öll fræðasvið Háskóla Íslands.

### 2. Ábyrgð

Miðstöð framhaldsnáms ber ábyrgð á að verklagsreglan sé rétt á hverjum tíma. Formenn fastanefndar um málefni framhaldsnáms\* og verkefnisstjórar doktorsnáms\*\* bera ábyrgð á að unnið sé samkvæmt henni.

### 3. Framkvæmd við mat andmælanda á handriti til doktorsvarnar

Samskipti Háskóla Íslands við andmælendur eftir að matsferli er hafið eru í höndum verkefnisstjóra doktorsnáms.\*\* Eftir skipun andmælanda sendir verkefnisstjóri andmælendum skipunarbréf, handrit doktorsritgerðar, leiðbeiningar um framkvæmd mats á handriti og leiðbeiningar um framkvæmd doktorsvarnar. Andmælendur skila til verkefnisstjóra skriflegri rökstuddri umsögn um handrit doktorsritgerðar, tímanlega fyrir dagsetningu doktorsvarnar. Mismunandi er eftir fræðasviðum hvort andmælendur skila einstaklingsmati eða sameiginlegri niðurstöðu. Í umsögn andmælanda er lagt mat á hvort handritið teljist a) tækt til varnar, b) samþykkt til varnar með fyrirvara um ákveðnar breytingar eða c) ótækt til varnar. Sé handritið samþykkt til varnar með fyrirvara um breytingar ber andmælanda í umsögn sinni, að áætla tímalengd breytingavinnunnar sem farið er fram á. Vinnu við að mæta gagnrýninni skal lokið eigi síðar en 12 mánuðum frá því að andmælendur skila álitu. Að öðrum kosti geta andmælendur og doktorsnefnd sagt sig frá verkinu. Fræðasvið geta sett sér strangari tímaramma. Ef óskað er eftir svo viðamiklum breytingum að doktorsefni og/eða doktorsnefnd telur ógjörning að verða við kröfum andmælanda, innan þess tímaramma sem verklagsregla þessi eða tímarammi viðkomandi fræðasviðs segja til um, jafngildir það höfnun á handriti til doktorsvarnar. Ekki er gert ráð fyrir að andmælendur hafi beint samband við leiðbeinanda eða doktorsefni fyrr en starfi andmælanda er lokið.

#### 4.1 Báðir andmælendur meta handrit ótækt til doktorsvarnar

Ef andmælendur eru sammála um að hafna handriti til doktorsvarnar (hvort sem um er að ræða einstaklingsmat eða sameiginlega niðurstöðu) vísar verkefnisstjóri doktorsnáms málinu til formanns viðeigandi fastanefndar\*. Formaður fastanefndar er frá þeim tímapunkti tengiliður háskólans við andmælendur og aðra er málið varðar. Ef niðurstaða andmælanda er vel rökstudd að mati formanns fastanefndar, er starfi andmælanda lokið og þeir leystir undan frekari skyldum hvað varðar doktorsvörnina þótt leita megi til þeirra aftur, sbr. 5. grein þessara verklagsreglna. Samþykki fyrir viðkomandi doktorsvörn fellur þar með úr gildi. Ef rökstuðning vantar eða er ábótavant fer formaður fastanefndar fram á frekari rökstuðning af hálfu andmælanda áður en andmælendur eru leystir frá störfum. Formaður fastanefndar tilkynnir til Miðstöðvar framhaldsnáms og til leiðbeinanda að samþykki fyrir viðkomandi vörn hafi verið fellt úr gildi. Leiðbeinandi upplýsir doktorsefnið og doktorsnefnd um málið. Doktorsefni hefur, með samþykki doktorsnefndar og fastanefndar, rétt á að leggja handrit doktorsritgerðar aftur fram til doktorsvarnar, sbr. 5. grein. Að andmælendur meti handrit doktorsritgerðar ótækt til doktorsvarnar jafngildir ekki falli á doktorsprófi, samkvæmt reglum háskólans um að doktorsvörn sé hið eiginlega próf.

\*FVS, HVS, VON: Fastanefnd um málefni doktorsnáms í deild. HUG og MVS: Fastanefnd um málefni doktorsnáms á fræðasviði.

\*\*FVS, VON, HUG, MVS: Verkefnisstjóri doktorsnáms á fræðasviði. HVS: Verkefnisstjóri doktorsnáms í deild.

#### 4.2 Annar af tveimur andmælendum metur handrit ótækt til doktorsvarnar

Ef andmælendur eru ósammála um það hvort handrit er hæft til doktorsvarnar, vísar verkefnisstjóri doktorsnáms\*\* málinu til formanns viðeigandi fastanefndar\*. Formaður fastanefndar er frá þeim tímapunkti tengiliður háskólans við andmælendur og aðra er málið varðar. Ef rökstuðning við niðurstöðu andmælanda vantar eða er ábótavant að mati formanns fastanefndar fer hann fram á frekari rökstuðning af hálfu andmælanda. Mismunandi er milli fræðasviða háskólans hvort andmælendur skili sameiginlegu mati á handriti eða óháðu mati. Ef um einstaklingsmat er að ræða er andmælendum nú gefinn kostur á að sjá röksemdafærslur hvors annars og endurskoða eigið mat. Slíkt þarf að gerast innan 14 daga frá því að andmælendur skiluðu álitinu sínu. Þegar niðurstöður andmælanda eru endanlegar eru báðir andmælendur leystir frá störfum þótt leita megi til þeirra aftur, sbr. hér aftar. Formaður fastanefndar tilkynnir málið til Miðstöðvar framhaldsnáms og til leiðbeinanda sem kallar saman doktorsefnið og doktorsnefnd. Doktorsefnið og doktorsnefnd fá 14 daga frest til þess að skila til fastanefndar umsögn um niðurstöður andmælanda. Á grundvelli þess ákvarðar fastanefnd hvort fella skuli samþykkt fyrir doktorsvörn úr gildi eða skipa á ný andmælendur við doktorsvörnina. Fastanefnd getur ákveðið að leita aftur til sömu andmælanda (annars eða beggja) eða skipa nýja andmælendur við vörnina. Nýr andmælandi fær ekki í hendur umsagnir fyrri andmælanda eða hvernig brugðist hefur verið við þeim. Ákvörðun fastanefndar um að skipa andmælendur eða fella vörn úr gildi, skal liggja fyrir innan 14 daga frá því að nefndinni berst umsögn doktorsnefndar og doktorsefnis um niðurstöðu andmælanda. Formaður fastanefndar tilkynnir ákvörðun nefndarinnar til Miðstöðvar framhaldsnáms og til leiðbeinanda sem upplýsir doktorsefnið og doktorsnefnd um niðurstöðuna. Ef samþykki fyrir doktorsvörn er fellt úr gildi hefur doktorsefni, með samþykki doktorsnefndar og fastanefndar, rétt á endurumsókn um að leggja handritið fram til doktorsvarnar, sbr. 5. grein þessarar verklagsreglu.

#### 5. Endurumsókn til fastanefndar um samþykki fyrir handriti til doktorsvarnar

Með endurumsókn til viðkomandi fastanefndar\* um samþykki fyrir handriti doktorsritgerðar til doktorsvarnar skulu fyrri umsóknargögn fylgja; niðurstaða andmælanda, umsögn doktorsnefndar og nemanda um niðurstöðu andmælanda og ítarlegur rökstuðningur doktorsnefndar fyrir því að endurbætt handrit sé hæft til varnar. Í endurumsókn til fastanefndar getur doktorsnefndin og doktorsefni óskað eftir sömu andmælendum á ný eða óskað eftir tveimur nýjum andmælendum. Fastanefnd ákveður hvort leitað sé til sömu andmælanda og áður mátu handritið eða tveggja nýrra andmælanda. Nýir andmælendur fá ekki í hendur umsagnir fyrri andmælanda eða hvernig brugðist hefur verið við þeim.

Telji fastanefnd að handritið muni ekki uppfylla gæðakröfur Háskóla Íslands um doktorsritgerðir, er sá möguleiki kynntur fyrir nemandanum og leiðbeinandanum að endurskrifa handritið til M.Phil.-gráðu, sbr. 19. tölulið. 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, þar sem það á við. Ekki allar deildir háskólans útskrifa nemendur til M.Phil.-gráðu.

\*FVS, HVS, VON: Fastanefnd um málefni doktorsnáms í deild. HUG og MVS: Fastanefnd um málefni doktorsnáms á fræðasviði.

\*\*FVS, VON, HUG, MVS: Verkefnisstjóri doktorsnáms á fræðasviði. HVS: Verkefnisstjóri doktorsnáms í deild.